

Ed.

378. Frumvarp til laga

[196. mál]

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Flm.: Daníel Ágústínusson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

Á eftir nr. 11 í 77. kafla tollskrár komi svofelld athugasemd:

Aths. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af sýningarvélum fyrir kvikmyndir, sem fluttar eru inn af félagsheimilum í sveitum eða kaптúnnum með 500 íbúa eða færri, þó ekki nema af einni vél á hvern stað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta flutti ég á síðasta þingi og fylgdi því svofelld greinargerð:

Lögin um félagsheimili eru 13 ára. Áhrif þeirra eru þegar orðin mjög mikil, og sjást þess greinilega merki í flestum héruðum landsins. Glæsileg samkomuhús hafa risið upp og leyst af hólmi gömlu samkomuhúsin, sem mörg voru frá fyrstu árum ungmennafélaganna. Lögin marka því tímamót í þessum málum. Ríflægur stuðningur félagsheimilaskjóðs — 40% — við byggingarnar hefur leyst úr læðingi mikil framlög, áhuga og fórnarlund um land allt fyrir byggingu félagsheimilanna. Með þeim er skapaður betri grundvöllur fyrir félags- og skemmtanalífið en áður þekktist.

Kvikmyndasýningar fara þó enn fram hjá flestum félagsheimilunum, enda þótt hér sé um að ræða skemmtun, sem fólk sækir almennt einna mest og er einhver hin ódýrasta, sem völ er á. Að visu munu sums staðar til 16 m/m sýningarvélar, en þær 16 m/m kvikmyndir, sem hér eru til, eru næsta einhæfar, einkum fræðslumyndir og áróðursmyndir frá erlendum sendiráðum.

Í kaupstöðum landsins, 14 að tölu, eru alls staðar kvikmyndahús — eitt eða fleiri. Þau eru ýmist í einkaeign eða rekin af opinberum aðilum eða félögum. Íbúafjöldi þessara kaupstaða er 112 839 samkvæmt manntali Hagstofu Íslands 1. des. 1958. Í þeim er því alls staðar greiður aðgangur að kvikmyndahúsum.

Í 62 kaптúnnum landsins eru 35 m/m kvikmyndavélar í 18 þeirra, einkum þeim stærstu. Íbúafjöldinn er 24 079, og mun helmingur þeirra búa í umræddum 18 kaптúnnum.

Í 152 sveitarfélögum, þar sem eigi eru nein kaптún, eru hvergi 35 m/m kvikmyndavélar. Íbúafjöldi þeirra er 33 238.

Af íbúum landsins búa því 33 þús. í sveitum og 12 þús. í kaптúnnum, eða alls 45 þús., sem ekki hafa aðstöðu til að njóta venjulegra kvikmynda í heimabyggð sinni. Þetta eru rúmlega 26% þjóðarinnar.

Ýmsir munu segja, að 16 m/m kvikmyndir geti þarna bætt úr, en svo er ekki nema að sáralitlu leyti. Af kunnáttumönnum er upplýst, að 16 m/m útgáfur eru teknar af mörgum 35 m/m kvikmyndum, um leið og þær eru gerðar. Og af flestum kvikmyndum eru gerðar 16 m/m „kopiur“ eftir 4—5 ár. Kvikmyndahús, sem flytur inn 35 m/m kvikmynd, fær jafnframt sýningarrétt að 16 m/m myndinni í til-

tekinn árafjöldi. Flytji kvikmyndahús inn báðar gerðirnar og leigi síðan 16 m/m myndirnar til sýningar í dreifbýlinu, þar sem einungis eru til 16 m/m sýningarvélar, þá bætist við greiðsla fyrir sýningarréttinn á 16 m/m myndunum. Þetta þýddi allmiklu meiri gjaldeyriseyðslu en ef alls staðar væri hægt að nota 35 m/m kvikmyndir.

Á 35 m/m kvikmyndavélar er hægt að kaupa linsur, svo að þær geti sýnt „cinemascope“ myndir, sem nú tíðkast mjög.

Kvikmyndavél fyrir 35 m/m myndir kostar nú með sýningartjaldi og öðrum nauðsynlegum útbúnaði um £ 1 003-7-10 eða í isl. kr. 107 423.00 í innkaupi. Samkvæmt útreikningi tollstjóraskrifstofunnar í Reykjavík eru aðflutningsgjöldin kr. 174 991.00 og sundurliðast þannig:

1. Verðtollur 90%	kr. 96 681.00
2. Tollstöðvagnjald o. fl.	— 1 934.00
3. Söluskattur 16.5%	— 33 677.00
4. Innflutningsgjald 16.5%	— 33 677.00
5. Söluskattur 3.3%	— 9 022.00

Alls kr. 174 991.00

Kaupverð vélanna, eftir að þær hafa komið í gegnum tollinn, verður þá kr. 282 414.00. Það er augljóst mál, að fámenn byggðarlög rísa ekki undir kaupum á svo dýrum sýningarvélum.

Kvikmyndasýningar geta aldrei orðið arðvænlegar í fámenninu, en kvikmyndir eiga samt sem áður jafnbrynt erindi þangað og í fjölmennið. Með frumvarpi þessu er því lagt til að auðvelda 1/4 hluta þjóðarinnar að veita sér þá skemmtun og fræðslu, sem kvikmyndir búa yfir. Svo að undanþágan verði ekki misnotuð, er gert ráð fyrir, að hún sé bundin við eina sýningarvél handa hverju félagsheimili.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ekki skapað neitt nýtt fordæmi, sem hættulegt gæti talizt. Í lögum um tollskrá er að finna heimild til undanþágu fyrir hljóðfæri í skóla, kirkjuhljóðfæri, hljómplötur með verkum eftir íslenska höfunda og sitt hvað fleira. Það virðist því vera sanngjarnt, að þessum þætti sé bætt við, ef það gæti orðið til þess, að kvikmyndir næðu til allrar þjóðarinnar. Fyrir ríkissjóð verður undanþága þessi ekkert tap, því að engar líkur benda til þess, að byggðarlög þau, sem gert er ráð fyrir að undanþágan nái til, hafi minnstu möguleika til að eignast sýningarvél þessar við því verði, sem þær nú kosta, og tekjur af rekstri þeirra yrðu alltaf sáralitlar í fámennum byggðarlögum.

Ég hef rætt mál þetta mjög ýtarlega við Þorstein Einarsson íþróttafulltrúa, sem þekkir öllum öðrum betur rekstur félagsheimilanna og ástæður þess fólks, sem þau hefur byggt. Hann telur það mjög auka gildi félagsheimilanna, ef skilyrði væru þar til sýningar á venjulegum kvikmyndum, auk þess sem þúsundir manna fengju með því viðunandi aðstöðu til að njóta þessa merka menningartækis á borð við aðra þegna þjóðfélagsins. Frumvarp þetta er tilraun til að jafna þarna metin að nokkru.